

Ást og hugsjónir

Bókarhöfundur: **Stefán Jón Hafstein**

Bókarheiti: **Afríka. Ást við aðra sýn**

Gagrnandi: **Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands**

Útgáfa: **Ísland ehf, Reykjavík 2014, 175 bls.**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Stefán Jón á miklar þakkir skildar fyrir að færa okkur þessa mynd af Afríkumönnum og ekki veitir af. Myndin sem við fáum af Afríku í fjölmiðlum er venjulega mynd af skelfingum sem vissulega fyrirfinnast í þessari stóru álfi. Staðreyndin er samt sú að flestir Afríkubúar lifa lífinu rétt eins og við, í ró og spekt (jafnvel meiri spekt en Íslendingar), sinna vinnu sinni, senda börnin sín í skóla, gera við húsin sín, kjósa í kosningum og þar fram eftir götum.“

Inngangur

Stefán Jón Hafstein á þakkir skildar fyrir að færa okkur bókina *Afríka. Ást við aðra sýn*. Bókin er frásögn höfundar af reynslu sinni og athugunum í nokkrum löndum í sunnanverðri Afríku og er stútfull af frábærum myndum sem höfundur hefur tekið á vettvangi. Fólki, landslag og dýr spretta ljóslifandi fram af síðum bókarinnar og í meðförum höfundar færast Afríka, sem alla jafnan er sveipuð dulúð fjarlægðarinnar í hugum Vesturlandabúa, nær okkur. Hugsanlega má afgangur þess bók sem fallega sófaborðsbók, og falleg er hún. En það er meira í hana spunnið en svo og full ástæða til að skoða hana fræðilega enda ekki á hverjum degi sem bók um afrísk málefni, byggð á athugunum höfundar á vettvangi, kemur út á íslensku. Höfundur segir að vísu af stakri hógværd í formála að hann sé „bara maður með myndavél sem segir frá“ (bls.7) en ekki fræðimaður af neinu tagi. Það fer þó ekki hjá því að hann fjallar um ýmislegt sem fræðimenn hafa fjallað um og er hluti af þeirri umræðuhæfð sem Afríka hefur notið eða þolað.

Fjarlægð og nálægð

Fjarlægðin heillar, ekki síst Íslendinga sem ólust upp á eyju sem var fjarlæg umheiminum og lærðu ungir að syngja „Hafið bláa hafið ... hvað er bak við ystu sjónarrönd...“. Afríka hefur löngum verið arkítýpa eða fornmynd fjarlægðarinnar í hugum Vesturlandabúa og



margir eru þeir Íslendingarnir sem þangað hafa lagt leið sína til að kanna hið ókunna. Það er hluti af menningarlegri auðlegð okkar og Stefán Jón bætir duglega í hana með frásögnum sínum og snilldarlegum ljósmyndum. Um leið togast fjarlægð Afríku og nálægð höfundarins við viðfangsefnið á í umfjöllun hans. Myndir af dýrum, landslagi og öðruvísi fólki, klæðalitlu og dökku á hörund, vísa óumflýjanlega til fjarlægðar álfunnar. Einnig má nefna umfjöllun höfundar um Himba, sem búa í norðanverðri Namibíu, en er þar á ferðinni sígild umfjöllun um „hina“, þessa sem eru öðruvísi en við og langt í burtu í öllum skilningi. Þeir verða þó nálægir í frásögn höfundar sem er óspar á að miðla upplifun sinni af samfélagi þeirra og menningu þó að ekki fari hjá því að með frásögn sinni er hann að færa okkur hið ókunna og fjarlæga.

Í fyrirsögn bókarinnar birtist einn angi af umræðuhefðinni um Afríku en það er tilhneigingin til að tala um álfuna sem eitt land þótt hún samanstandi af 54 ríkjum og mörg hundruð ólíkum menningarsamfélögum. Hún er svo langt í burtu í hugum okkar að við sundurgreinum hana ekki. Þótt meginfyrirsögn bókar Stefán Jóns sé *Afríka* fjallar bókin ekki um Afríku í heild sinni heldur byggir umfjöllunin á athugunum höfundar á nokkrum stöðum í Afríku, aðallega í Namibíu og Malaví, þar sem höfundur dvaldi um árabil. Samt er höfundur vel meðvitaður um fjölbreytileika og nálægð Afríku og segir á einum stað „Nei, Afríka er ekki land sem er langt í burtu, hún er heimsálfa sem þýðir að hún er margbreytilegur heimur út af fyrir sig og af henni er engin ein mynd“ (bls. 96). Yfir þennan margbreytileika er strikað í fyrirsögn bókarinnar. Einnig dreg ég í efa að Afríka sé „heimur út af fyrir sig“. Álfan hefur frá alda öðli haft mikil samskipti við umheiminn, ekki síst í gegnum verslun, og í okkar hnattvædda heimi er engin leið að vera „heimur út af fyrir sig“. Að líta á hana sem slíka undirstrikar fjarlægð hennar og togast á við nálægðina sem einnig er í texta höfundar.

Til þess að færa Afríku nær okkur beitir höfundur þeirri aðferð annað veifið að bera atriði í frásögn sinni saman við sambærileg atriði íslensk. Við fáum t.d. að vita að lönd Himba séu ívið minni en Ísland að flatarmáli (bls.23), að fyrstu hvítu mennirnir komu þar sem nú er Etosha þjóðgarðurinn um það leyti sem þjóðfundurinn var haldinn í Lærða skólanum í Reykjavík 1851 (bls. 52), að Jónas Hallgrímsson hefði „getað sagt eitthvað snorturt í bundnu máli“ um fuglshreiður sem lýst er, (bls. 74) og að háslétta Malaví sé jafn há Hvannadalshnúk þar sem hún rís hæst (bls. 86). Einnig veltir höfundur fyrir sér hvernig Íslandi hefði farnast ef því hefði verið skipt upp eftir aðferðum nýlendustefnunnar í stað þess að fá stjórnarskrá frá Dönum 1874 (bls. 98). Það er vel gert að beita samanburði af þessu tagi þvert á þá fornmynd fjarlægðar sem hefur verið hlutskipti Afríku og brúa með því bilið á milli „okkar“ og „hinna“

Hugsjónir

Ekki verður dregið í efa að Stefán Jón er bæði elskur að afrískum veruleika og hugsjónamaður. Þó þykir mér umræða hans fara nokkuð í svart/hvíta farið sem einkennir íslenska umræðuhefð. Þannig eru þjóðfélagshættir og efnahagslíf Vesturlanda svörtu megin en það sem virðist upprunalegt og ósnert í „Afríku“ er hvítu megin.

Höfundur segir að okkar megin miðbaugs eiga auður og völd griðlönd (bls. 74), að

vestrænir „gróðapungar og ævintýramenn“ (bls. 72) hafi skemmt það sem ósnortíð er og „auðræðisherrar Vesturlanda“ (bls. 98) eiga ekki upp á pallborðið hjá honum frekar en þeir afrísku sem apa eftir þeim og geyma fé í skattaskjólum. Vestræn „síðmenning“ hefur leitt af sér skelfingar margar, styrjaldir, gjöreyðingavopn og hnattræna hlýnum á meðan „Afrika hefur aldrei steyppt mannkyni í tortímingarhættu eða ógnað heimsfriði“ (bls. 98). Týndum við brosinu í neytendafrekjunni sem okkur er innrætt?“ spyr höfundur (bls. 14). „Fólkið í Afríku“, aftur á móti, „brosir í einlægni“ (bls. 12). Þetta er dálítið svart og hvítt og málin eru auðvitað flóknari en hægt er að koma til skila innan svo einfalds ramma. Hér kennir raunar þess vestræna menningarminnis, sem oft er kennt við franska heimspekinginn Jean-Jacques Rousseau (1712-78), sem taldi að samfélagsskipanin kúgi manninn og spilli því göfuga náttúrubarni sem hann í edli sínu er. Það eru hin kapitalísku Vesturlönd sem kúga og spilla náttúrbörnum Afríku, sem enn eiga einlæga brosið sitt. Rómantík hefur þessi sýn á manninn verið kölluð og Stefán Jón er sannarlega rómantískur í umfjöllun sinni.

Á hinn bóginn er fullljóst, eins og höfundur bendir á, að Afrika er enn að súpa seyðið af skelfingum og afleiðingum nýlendustefnunnar sem var drifin áfram af sókn nokkurra Evrópuríkja í auð og völd. Einnig er fullljóst að ríki Afríku eru misjafnlega í stakk búin til að eiga við hinn markaðsvædda hnattræna heim, sem ásælist auðlindir álfunnar. En hvað skal gera? Ekki getum við spólað til baka, afmáð nútímann í Afríku og horfið aftur til hins fagra og ósnortna sem álfan átti nóg af fyrrum, þó að þar hafi vissulega einnig verið gnægð af heimtilbúnum átökum og auðsöfnun gegnum aldirnar. Fólk í Afríku var og er ekkert örðuvísi en fólk annars staðar. Við þurfum lausnir til að eiga við nútímann og arfleifið fortíðarinnar í Afríku og ég sakna þess að höfundur deili ekki með okkur hugleiðingum sínum um þau efni í meira mæli. Í síðustu þremur köflunum fjallar hann um mikilvægi menntunar, heilsugæslu, ekki síst barnshafandi kvenna og ungbarna, og hversu mikið undirstöðuatriði hreint vatn er. Um þetta fjallar hann af reynslu af vettvangi og setur um leið þróunarsamvinnu Íslendinga í samvinnulöndunum í Afríku í samhengi. Það er vel.

En hvað með mál eins orkuöflun og náttúruvernd, erfið mál sem við Íslendingar þekkjum vel. Höfundur birtir kort af raflýsingu Evrópu og Afríku, en Afríku nefnir hann álfuna myrku (bls. 99). Það orðalag endurómar fyrrsögn frægrar bókar Joseph Conrad, *The Heart of Darkness*, sem út kom um aldamótin 1900, en hún var víðlesin og átti þátt í að búa til þá mynd af Afríku að þar væri skelfilegt myrkur í öllum skilningi. Raflýsingarkortið í bók Stefáns Jóns sýnir svo ekki verður um villst hversu misskipt orkunni er á milli Evrópu og Afríku, en vísar um leið til þess að Afrika þarf orku til að byggja upp atvinnulíf sem getur brauðfætt íbúana, byggt skóla og heilsugæslustöðvar osfrv. En hvernig? Þeirri spurningu er ósvarað. Ég er sammála höfundi um að miklu skiptir að vernda það sem eftir er af ósnortinni náttúru í Afríku og villta dýrastofna álfunnar, sem nú eru reyndar í bráðri útrýmingarhættu ekki síst vegna ágangs Kínverja, sem stundum er nefndir hinir nýju efnahagslegu nýlenduherra álfunnar. En hvernig eigum við að samræma orkuþörf álfunnar náttúruverndarsjónarmiðum? Þetta er ein af þeim knýjandi spurningum sem sækja á þegar fjallað er um afrísk málefni og þó að mér detti

ekki í hug að fara fram á að höfundur geti svarað þessari spurningu hefði verið við hæfi, að í bók sem fjallar um feegurð náttúrunnar og nauðsyn þess að vernda hana annars vegar og knýjandi fátækt íbúa álfunnar hins vegar, væri tæpt á henni.

Mannfræðingar segja....

Eins og áður er getið segist höfundur ekki vera neinn fræðimaður og því er ekki hægt að gera til hans ítrustu kröfur um heimildanotkun. Fræðimenn hafa reyndar sjálfir flaskað á þessu atriði. Í „Eftirmála um heimildir“ (bls. 174) getur höfundur nokkurra heimilda sem hann hefur stuðst við, en aðalheimild hans er „ég var þar“ heimildin. Sú heimild skiptir máli í mannfræði en æskilegt er að undirbyggja hana með tilvísun í útgefnar heimildir. Það er auðvelt að skálda í skörðin. Eða eins og höfundur hefur eftir Disraeli og gerir að einkunnarorðum bókar sinnar „Like all great travellers I have seen more than I remember and remember more than I have seen.“ (forsíða).

Þessi skortur á tilvísun í heimildir við texta verður einkum bagalegur þegar hann vísar til þess sem aðrir hafa sagt án þess að geta þeirra, t.d. „Fræðimenn telja að fyrir 30 milljónum ára hafi forfeður mannsins byrjað að þróa andlitsvöðva sem toga munnvikin út og upp í því sem við köllum bros“ (bls. 12). Ekki hef ég heyrt um þetta áður og vildi gjarnan geta rakið þetta eftir tilvísun í heimild. Höfundur hefur einnig ýmislegt eftir mannfræðingum sérstaklega án þess að geta hvaða mannfræðingum, t.d. „Mannfræðingar kunna að skýra þetta sem áhættudreifingu við erfiðar aðstæður...“ (bls. 26), eða „Enginn kynstofn hefur verið jafn mikið rannsakadur af mannfræðingum“ (bls. 126) eða „... mannfræðinga sem fylla bókabúðir af ritum eins og *Kynlíf Himba*,“ (bls. 31). Ekki kannast ég við bók um kynlíf Himba og leit að slíkri bók á Netinu bar ekki árangur.

Sleggjukast af þessu tagi í meðferð heimilda er fremur hvítleitt og hefði höfundur komist hjá ýmsum villum í umfjöllun sinni um önnur menningarsamfélög ef hann hefði litið í heimildir mannfræðinnar. Þannig segir hann um San sem búa í Kalahari eyðimörkinni að fyrrum hafi þar enginn ráðið yfir öðrum og að „[l]öngu fyrir daga Karl Marx var hér kommúnismi“ (bls. 129). Því fer fjarri, aldur og kyn réðu miklu um hver réði hverju og hvaða áhrif einstaklingar höfðu á sameiginlega ákvarðanatöku. Afnotalandi þessara hópa (bands) veiðimanna og safnara var einnig skipt eftir ákveðnum reglum þar sem hver hópur átti afnotarétt af tilteknu svæði. Ef aðrir vildu nýta svæðið þurfti að semja um það við „eigendurna“. ¹ Hvað Himbana í norðanverðri Namibíu varðar talar höfundur um „fullveldi“ þeirra og segir „Í Himbalandi fær hugtakið fullveldi dýpri merkingu en maður hefur áður séð. Ekkert framsal kemur til greina. Þeir eru út af fyrir sig.“ (bls. 23). Hugtakið fullveldi á hér engan veginn við þar sem Himbar eru þegnar í Namibíuríki og ráða sér ekki sjálfir eins og fullvalda ríki. Og þótt þeir búi afskekkt eru þeir ekki út af fyrir sig frekar en við Íslendingar heldur hafa áhrif umheimsins óhjákvæmilega áhrif á samfélag þeirra. Reyndar er San ágætt dæmi um hvernig utanaðkomandi öfl geta breytt og jafnvel eyðilagt lítil menningarsamfélög eins og höfundur lýsir í bók sinni. Því virðist sem rómantíkin hafi borið höfund ofurliði í umfjöllun hans um samfélög Himba og San

1 Sjá t.d. Lee, R.B. 1984, *The Dobe! Kung*, Holt Reinhart and Winston, eða Shostak, M. 1983, *Nisa. The Life and Words of a !Kung Woman*, Random House.

og að leitinn að náttúrubarninu, hinu upprunalega, hafi orðið yfirsterkari því sem mannfæðin hefði getað sagt honum um samfélög sem þessi.

Brosið góða

Stefán Jón byrjar bók sína á kafla sem heitir bros og undirstrikar þar með að í Afríku er ekki tóma eynd að finna eins og halda mætti af þeim fréttum sem okkur berast frá álfunni. Gleðin, hláturinn og hamingjan eiga þar líka sitt ríki. Hann fylgir þessum kafla eftir með köflum um stoltið og dugnaðinn, sem hann varð vitni að á vettvangi, og undirstrikar iðjusemi manna og harða samkeppni um lífsnauðsynjar. Sem sagt engin leti þar.

Stefán Jón á miklar þakkir skildar fyrir að færa okkur þessa mynd af Afríkumönnum og ekki veitir af. Myndin sem við fáum af Afríku í fjölmiðlum er venjulega mynd af skelfingum sem vissulega fyrirfinnast í þessari stóru álfu. Staðreyndin er samt sú að flestir Afríkubúar lífa lífinu rétt eins og við, í ró og spekt (jafnvel meiri spekt en Íslendingar), sinna vinnu sinni, senda börnin sín í skóla, gera við húsin sín, kjósa í kosningum og þar fram eftir götum. Um þetta hversdagslega mannlíf getum við lesið í bók Stefáns Jóns og er það kærkomin lesning í hinni einsleitu umfjöllun um Afríku sem við eigum að venjast.